

Stjórnarfundur STEFs 12. desember 2025 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn föstudaginn 12. desember 2025 kl. 11:00 á veitingastaðnum Brasserie Kársnes í Kópavogi.

Fundarmenn: Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Magnús Jóhann Ragnarsson, Halldór Smáráson og Sóley Stefánsdóttir. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 23. október svo og útdráttur úr fundargerð voru lögð fram og samþykkt.
2. Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum til 12. október lagt fram.

Lagt var fram eftirfarandi skjal undir þessum lið:

- Niðurlagning Tónmenntasjóðs STEFs nr 699

3. Úthlutun STEFs á árinu 2025.

Lagt var fram:

- a) Yfirlit allra úthlutana ársins.
- b) Ýmiskonar tölfræði ársins.
- c) Lit yfir þróun úthlutana frá 2017-2025.
- d) Aðalúthlutun og miðsumarsúthlutun 2025, sundurliðun.

Síðari hluti aðalúthlutunar STEFs var greiddur út þann 9. desember. Tekur aðalúthlutun til opinbers flutnings innanlands á árinu 2024. Miðsumarsúthlutun STEFs í júní náði til um 80% af úthlutun fyrir flutning í útvarpi, sjónvarpi og í bakgrunni og var nú verið að greiða út það sem upp á vantaði. Auk þess var í þessari úthlutun greitt fyrir frumflutning og vegna eintakagerðar til einkanota (IHM). Alls nam aðalúthlutun STEFs til innlendra rétthafa um 287 millj. kr.

Heildarúthlutun ársins nam um 866 milljónum, auk þess sem úthlutað var úr sjóðum STEFs um 40 milljónum, en samtals er þetta um 2% hærra en á árinu 2024. Vert er þó að geta þess að í fyrra var sérstaklega úthlutað til viðbótar eldri tekjum af myndstreymisveitum (s.s. Netflix), sem fór fyrst og fremst til erlendra rétthafa.

Úthlutanir STEFs vegna streymis frá NMP jukust um 4,5% á milli ára, en einnig varð nokkur hækkun á úthlutunum frá NCB á milli ára, fyrst og fremst vegna úthlutunar eldri tekna. Hins vegar drógust úthlutanir vegna flutnings tónlistar meðlima STEFs erlendis nokkuð saman, eða um 12% á milli ára og numu þær alls um 139 millj. í ár. Hluti skýringar á þessum samdrætti var að ekki hafa borist greiðslur frá Frakklandi í nokkurn tíma vegna ágreinings franska systurfélags okkar við skattfyrirvöld þar í landi.

Úthlutanir vegna tónleika hér á landi jukust hins vegar allnokkuð á milli ára, eða um 27% og numu í ár samtals um 56 millj. kr.

Stjórnin gerði ekki athugasemdir við sjálfa úthlutunina sem slíka.

Sundurgreining á fjárhæðarbil var ekki tilbúin fyrir fundinn, en verður lagt fyrir fulltrúaráðsfund seinna í mánuðinum. Þá vakti mikill fjöldi nýrra meðlima athygli, en þeir eru 389 talsins og óskaði stjórn eftir nánari upplýsingum um þessa nýliða, eftir því sem hægt er að greina slíkt tölfræðilega. Enn fremur óskaði stjórn eftir sundurgreiningu á því til hvaða landa erlend úthlutun STEFs er helst að fara.

4. Tónheilsusjóður STEFs.

Lögð fram drög að reglum sjóðsins.

Kynnt var fyrirhuguð stofnun nýs sjóðs STEFs, sem hlotið hefur heitið *Tónheilsusjóður STEFs*. Sjóður þessi er tilkominn vegna óskar og örlæti hjónanna Andrésar Arnalds og Guðrúnar Pálmadóttur. Áætlað er að stofnframlag sjóðsins verði 40 milljónir króna. Markmiði sjóðsins verður að styrkja tónlistarfólk og/eða stofnanir og samtök til að flytja tónlist eða vinna með tónlist á annan hátt í heilsueflandi skyni. Slíkt getur t.a.m. verið á hjúkrunarheimilum, fangelsum, sjúkrahúsum eða sambýlum eða á öðrum stöðum þar sem aðilar sem koma að lýðheilsuverkefnum halda viðburði eða samkomur. Þá getur sjóðurinn styrkt rannsóknarverkefni er snúa að þessum málaflokki. Jafnt tónlistarfólk sem og stofnanir eða samtök geta sótt um styrki til sjóðsins.

STEF mun annast umsýslu sjóðsins, heldur bókhald yfir tekjur hans og gjöld, greiðir út styrki og laun til stjórnar sjóðsins og heldur fjármunum hans aðskildum á reikningi STEFs, auglýsir eftir styrkumsóknum og er stjórn sjóðsins til aðstoðar. STEF mun ekki taka þóknun fyrir þessa umsýslu. Gert er ráð fyrir að styrkir verði veittir úr sjóðnum árlega.

Stjórn STEFs list afskaplega vel á þessa hugmynd og vill koma á framfæri þakki til hjónanna fyrir gjafmildi þeirra. Næstu skref verða að boða til stofnfundar, skipa fyrstu stjórn sjóðsins og kynna sjóðinn.

5. Reglur um tölvunotkun starfsmanna.

Drög að breytingum á núgildandi reglum lögð fram og samþykkt. Taka reglurnar því gildi um leið og þær hafa verið kynntar starfsmönnum.

6. *On Music* – tilboð í bakvinnslu lagt fram.

Tilboð *On Music* um bakvinnslu var rætt og ákveðið að ganga til samstarfs við fyrirtækið. Mikilvægt er að leitað verði leiða til að ná inn frekari tekjum á móti þessum kostnaðarauka.

7. Breytingar á verðskrá veitingastaða – áskriftarmódel.

Lögð fram tillaga frá skrifstofu STEFs.

Ákveðið var að fresta þessum lið til næsta stjórnarfundar.

8. Tilnefning í stjórn Tónskáldasjóð RÚV og STEFs.

Velt var upp hugmyndum um mögulega aðila til að taka setu í stjórn sjóðsins. Ákveðið að ræða við einn aðila, en hugmynd að aðila úr sígildri- og samtímatónlist bíður næsta fundar stjórnar TÍ.

9. Heiðursmerki STEFs.

Heiðursmerki STEFs verður næst veitt á Myrkum músíkdögum og er framkv.stj. falið að ræða við hana. Umræðum um aðra mögulega aðila sem gætu fengið heiðursmerki á næsta ári er frestað til næsta fundar.

10. Starfsmannamál.

Framkvæmdastjóri greindi frá nýrri ráðningu sölu- og innheimtustjóra, en stjórn hafði þegar verið greint frá henni milli stjórnarfunda.

11. Undirbúningur fulltrúaráðsfundar.

Farið yfir dagskrá fundarins og mætingu á hann.

12. Fundardagar vorannar.

Farið er yfir framlagðar tillögur að fundardögum og þær aðlagðar þörfum stjórnarmanna. Stefnt er að því að nýtt fulltrúaráð komi saman 21. maí 2026, en kosning í fulltrúaráð og stjórn verður næsta vor.

13. Önnur mál.

Undir þessum lið var annars vegar rætt um nýtt fréttastef RÚV, sem keypt var af hollensku fyrirtæki svo og þörfina á því að fræða betur fyrirtæki landsins um notkun tónlistar í auglýsingum á samfélagsmiðlum.

Ekki voru fleiri mál fram borin.

Fundi var slitið kl. 13:30.



STEF – THE COMPOSERS' RIGHTS SOCIETY OF ICELAND

Laufásvegur 40 / 101 Reykjavík / Iceland

Tel.: +354 561 6173
